

Alþingi
Erindi nr. P 127/677
komudagur 8.2.2002



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

AE/

Rvk. 07.02.2002

Efni: Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000, 138. mál.

Samtökum atvinnulífsins (SA) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000, 138. mál.

Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að útvarpsstöðvar fái allar jafnt færi á að sinna því hlutverki sem Ríkisútvarpið gegnir nú samkvæmt útvarpslögum: Að gegna öryggishlutverki á hættutímum, flytja fréttir og skoðanaskipti, standa vörð um íslenska tungu, menningararfleifð og sögu þjóðarinnar, flytja lista og menningarefni, fræða hlustendur, flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn og senda dagskrána út til landsins alls. Þess vegna er rétt að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu falli niður. Með útboðum gefst keppinautum ríkisútvarpsins kostur á að bjóða betri dagskrá fyrir lægra verð en Ríkisútvarpið gerir nú - ef þeir geta. Ef ljós kemur að Ríkisútvarpið er best fallið til þessa hlutverks mun það sinna því áfram. Nauðsynlegt er að allir sitji við sama borð í þessum útboðum. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag, svo að ábyrgð ríkisins hverfi og reikningar þess gefi rétta mynd af kostnaði við reksturinn.

Samtökin mæla með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri